

380. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 17. september 2025 kl. 16:00.



Mætt: Willum Þór Þórsson forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Daníel Jakobsson gjaldkeri, Anton Sveinn McKee, Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, Kári Mímisson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurjón Sigurðsson, Viðar Garðarsson, Þórdís Anna Gylfadóttir, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Microsoft Teams: Heimir Örn Árnason og Hjördís Guðmundsdóttir.

Forföll: Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Trausti Gylfason.

Dagskrá:

1. Samþykktir á milli funda

Samþykktir á milli funda

- Silfurmerki ÍSÍ til Ólafs Þórs Ólafssonar formanns Knattspyrnufélagsins Reynis á 90 ára afmælishátíð félagsins 29. ágúst sl. Formaður Heiðursráðs sótti viðburðinn fyrir hönd ÍSÍ og afhenti heiðursviðurkenninguna.
- Fundargerð 379. Fundar var samþykkt á milli funda og er hér formlega bókuð staðfest í fundargerð.

2. Til kynningar og upplýsingar

Eftirfarandi gögn voru lögð fram til kynningar og umræðu:

a. Samantekt skrifstofu lögð fram til upplýsingar.

Fyrirspurnir urðu um einstök málefni í samantektinni sem forseti og framkvæmdastjóri svöruðu til um.

b. Samantekt svæðisstöðva lögð fram til upplýsingar.

Lögð fram samantekt svæðisstöðva, til upplýsingar.

Forseti skýrði frá vinnufundi sem haldinn var með svæðisfulltrúum 15. september sl. Hann og formaður UMFÍ mættu í lok fundar og ræddu stöðu mála. Svæðisfulltrúarnir hafa unnið að fjölmörgum ólíkum verkefnum síðan svæðisstöðvarnar tóku til starfa, ekki síst verkefnum er lúta að þeim áherslupáttum sem fylgdu fjármagninu frá ráðuneytinu. Hvatasjóður hefur einnig ýtt undir verkefni af þeim toga. Svæðin eru mjög ólík að stærð og umfangi og áskoranir ólíkar, sem og tækifærin.

Almennar umræður urðu um svæðisstöðvarnar og verkefni þeirra. Óvissa er um fjármögnun verkefnisins eftir árið 2026. Forseti lagði áherslu á mikilvægi þess að styðja vel við þetta verkefni og svæðisfulltrúana og mikilvægi þess að árangur náist í þeim áherslupáttum sem fylgja verkefninu.

c. Minnisblað varðandi rétt íþróttafélaga til að standa utan sérsambanda.

Lagt fram minnisblað frá Helgu Þórðardóttur lögfræðingi um erindi sem Stjórnsýslusviðið fékk til umfjöllunar og svar sviðsins. Erindið varðar rétt íþróttafélaga innan ÍSÍ til að standa utan sérsambanda ÍSÍ. Samhljóða niðurstaða laganefundar ÍSÍ og Stjórnsýslusviðs var að

Íþróttafélag geti ekki sagt sig úr sambandi við eitt sérsamband innan Íþróttahreyfingarinnar án þess að leggja iðkun í viðkomandi íþróttagrein niður í félaginu.

d. Svarbréf frá Laugardalshöll við athugasemdum ÍSÍ í kjölfar tónleika í höllinni í lok maí.
Lagt fram til upplýsingar svarbréf frá Laugardalshöll við bréfi ÍSÍ og athugasemdum sem það innihélt, í kjölfar tónleika sem fóru fram í Laugardalshöll í lok maí síðastliðnum.

e. Nordic Sports Meeting 2025

Forseti fór yfir það helsta sem tekið var til umfjöllunar á árlegum fundi norrænna íþrótt- og ólympíusambanda. Fundurinn var haldinn í Helsinki dagana 11. – 12. september sl. Fundinn sóttu forseti, varaforsetar, framkvæmdastjóri, ráðgjafi ÍSÍ og sviðssjóri Stjórnslusviðs.

Á fundinum var kynning frá fulltrúum Noregs og Svíþjóðar á könnunum þeirra varðandi kostnað við íþróttaiðkun.

Samþykkt að heimila framkvæmdaráði að kanna útfærslu á svipaðri könnun hér heima.

Miklar umræður urðu um óstöðugleikann í heimsmálum og stöðu íþróttanna í þeim stormi. Ekki náðist samstaða á fundinum um viðbrögð vegna ástandsins á Gaza. Norska íþrótt- og ólympíusambandið fyrirhugar að senda frá sér yfirlýsingu vegna málsins fljótlega en drög að henni lágu ekki fyrir fundinum.

f. Sameiginlegt bréf til EOC frá norrænum aðalfararstjórum á EYOF í Skopje.

Norrænu þjóðirnar sendu sameiginlegt bréf til EOC í kjölfar Ólympíuhátíðar Evrópuæskunnar í Skopje í sumar. Aðstæður þar voru afar krefjandi og eru þjóðirnar í bréfinu að hvetja EOC til að bæta ýmsa þætti í umgjörð hátíðarinnar og varðandi lágmarksskilyrði sem gestgjafarþjóðir þurfa að uppfylla.

Forseti upplýsti að Líney Rut Halldórsdóttir, ráðgjafi ÍSÍ og formaður EOC EYOF Commission hefði farið mjög vel yfir EYOF í Skopja á ofagreindum norrænum fundi og skýrt aðstæður sem þarna sköpuðust.

3. Nefndir, ráð og vinnuhópar

Forseti fór yfir stöðuna varðandi skipan í nefndir, ráð og vinnuhópa. Formenn nefnda og ráða skýrðu frá fyrstu fundum sem haldnir hafa verið.

- *Afreksmiðstöð Íslands (AMÍ)* – Olga Bjarnadóttir formaður fór yfir stöðuna.
- *Afrekssjóður ÍSÍ* – Þórey Edda Elísdóttir formaður fór yfir stöðuna.
- *Upplýsinga- og fjölmiðlanefnd ÍSÍ/Markaðsnefnd* – Hjördís Guðmundsdóttir formaður fór yfir stöðuna.
- *Sjóðsstjórn Ferðasjóðs Íþróttafélaga* – Heimir Örn Árnason formaður fór yfir stöðuna.
- *Viðhalds- og byggingasjóður ÍSÍ* – Sigurjón Sigurðsson formaður fór yfir stöðuna.
- *Stefnumótunarráð ÍSÍ* – Kári Mímisson formaður fór yfir stöðuna.
- *Stjórnarsáttmálaráð ÍSÍ* – Ragnheiður Ríkharðsdóttir formaður fór yfir stöðuna.
- *Forvarna- og lýðheilsuráð ÍSÍ* – Viðar Garðarsson formaður fór yfir stöðuna.
- *Heiðursráð ÍSÍ* – Hafsteinn Pálsson formaður fór yfir stöðuna.

Forseti upplýsti að framkvæmdaráð ÍSí hafi ákveðið fundardaga fyrir ráðið, mánudag fyrir fund framkvæmdastjórnar ÍSí og oftast ef þurfa þykir. Formenn stefnumótunarráðs, stjórnarsáttmálaráðs og markaðsnefndar hittast svo á þriðjudögum fyrir stjórnarfundi.

4. Til afgreiðslu á fundinum:

- *Starfsreglur framkvæmdastjórnar ÍSí*

Uppfærðar starfsreglur framkvæmdastjórnar ÍSí, í samræmi við athugasemdir sem fram komu á síðasta fundi stjórnar, lagðar fram til afgreiðslu.

Starfsreglurnar samþykktar samhljóða. Reglurnar verða birtar á heimasíðu ÍSí að fundi loknum.

- *Úthlutunarreglur starfslauna fyrir afreksíþróttafólk og þjálfara*

Uppfærð drög að úthlutunarreglunum, í samræmi við athugasemdir og umræður á síðasta fundi stjórnar, lögð fram til umræðu og afgreiðslu.

Miklar umræður urðu um drögin og ýmsar athugasemdir komu fram.

Samþykkt að gefa rými til að vinna úr athugasemdunum. Að því loknu verða uppfærð gögn send til framkvæmdastjórnar og í kjölfarið boðað til aukafundar til að fjalla um reglurnar og afgreiða.

- *Drög að reglum ÍSí um nöfn íþróttafélaga*

Lögð fram drög að reglum ÍSí um nöfn íþróttafélaga, sem Stjórnsýslusvið ÍSí hefur unnið.

Reglur ÍSí um nöfn íþróttafélaga samþykktar með ábendingum um lagfæringu á nokkrum innsláttarvillum í texta. Reglurnar verða birtar að loknum fundi með áorðnum breytingum.

5. Viðburðir

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru og mönnun þeirra.

6. Næstu fundir

Næstu fundir framkvæmdastjórnar verða miðvikudagana 15. október og 19. nóvember næstkomandi.

7. Önnur mál

- *Starfsmannastefna*

Ragnheiður Ríkharðsdóttir ræddi starfsmannamál og þörfina fyrir sérstakri mannauðsstefnu ÍSí eða starfsmannahandbók. Ragnheiður óskaði eftir því að öll störf hjá ÍSí verði auglýst í framtíðinni.

Almennar umræður urðu um málið. Framkvæmdaráði ÍSí falið að taka málið áfram.

- *Málstefna*

Forseti skýrði frá erindi sem hann hafði fengið sent frá Gunnsteini Ólafssyni og varðaði málstefnu.

Ýmsar hugmyndir ræddar um hvernig íþróttahreyfingin gæti best stutt við íslenskt mál með skipulögðum hætti, án þess að sett yrði um það sérstök stefna. Fundarfólk var sammála um að hvetja megi íþróttahreyfinguna til þess að vanda málfar í ræðu og riti og er þá ÍSí sjálft ekki undanskilið í þeim efnum. Einnig mætti huga að fræðslu fyrir íþróttafólk, þjálfara og leiðtoga um framkomu í fjölmiðlum þar sem meðal annars yrði lögð áhersla á gott og vandað málfar.

- *Íþróttamaður ársins*

Anton Sveinn McKee óskaði eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi hóf Íþróttamanns ársins, með tilvísun í umfjallanir á fyrri fundum framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjóri upplýsti að búið væri að óska eftir fundi með Samtökum íþróttافرéttamanna en ekki væri búið að dagsetja hann.

- *Nefnd ÍSí um starfskjör forseta ÍSí*

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að skipan nefndar um starfskjör forseta ÍSí, í samræmi við ákvörðun þar að lútandi á 376. fundi framkvæmdastjórnar ÍSí.

Samþykkt að skipa Stefán Konráðsson sem formann nefndarinnar og með honum Guðrúnu Ingu Sívertsen og Sigurjón Pétursson.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari